



MOSFELLSBÆR
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSGÆKNI UMHYGGJA

Minnisblað til fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar

Efni: Minnisblað starfsmanns

Dags: 19. apríl 2022

Málsnúmer: 202003246/10.4

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Sigurbjörg Fjölvisdóttir framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs og Kristbjörg Hjaltadóttir, stjórnandi félagsþjónustu

Minnisblað þetta er lagt fram samhliða reglum Mosfellsbæjar um stoðþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Reglur þessar kveða á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita skv. 1., 2., 3. og 5. tölul. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Þjónusta samkvæmt reglum þessum er viðbótarþjónusta sem fatlað fólk hefur rétt á að sækja um þegar um umfangsmiklar stuðningsþarfir er að ræða og kemur til viðbótar þegar grunnþjónusta samkvæmt stuðningsþjónustu hefur verið fullnýtt.

Í reglunum er lögð áhersla á einstaklingsmiðaða þjónustu með það að markmiði að styðja og styrkja einstaklinga sem og að gæta að samþættri og heildrænni þjónustu sem tekur mið af einstaklingsbundnum þörfum og aðstæðum einstaklingsins og fjölskyldu hans.

Einstaklingsstuðningur (áður liðveisla) fyrir fatlað fólk rúmast einnig innan reglna þessara eftir að stuðningsþjónusta allt að 60 tímum á mánuði hefur verið fullnýtt og þörf er fyrir frekari þjónustu vegna umfangsmikilla stuðningsþarfa.

Drög að reglum þessum voru lögð fyrir fund notendaráðs þann 10. nóvember 2021, til kynningar og umræðu.

Tillaga

Lagt er til að fjölskyldunefnd samþykki meðfylgjandi reglur um stoðþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.



MOSFELLSBÆR

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

Virðingarfyllst,